

1991

4. janúar 1991 fyrstu listi ársins yfir söluhæstu plöturnar birtur í DV og Sögur af Landi enn í toppsætinu. Sömu sögu var að segja janúar og þá vikuna var lagið Haltu mér fast, sem Bubbi söng á plötu Mannakorns í efsta sæti yfir vinsælustu lögin.

2. febrúar 1991 fyrstu tónleikar Bubba á árinu 1991 hófust klukkan 22:00 þetta kvöld á Hótel Borg. Í fréttatilkynningu Morgunblaðsins var sagt frá því að þetta yrðu einu tónleikar hans hér á landi um sinn því í undirbúningi væri tónleikafer um Skandinavíu sem hæfist um miðjan febrúar. Seinkun átti þó eftir að verða á ferðinni sem hófst ekki fyrr en um miðja mars. (mynd Bárður Örn).

15. febrúar 1991 mætti tökulið MTV-Europ sjónvarpsstöðvarinnar á veitingastaðin Lídó og myndaði sveitirnar Risaeðluna og Todmobile auk Bubba Morthens. Þetta var fyrra kvöldið að tveim sem íslenskir tónlistarmenn voru myndaðir og var liður í þáttage um íslenskar hljómsveitir og tónlist sem sjónvarpsstöðin var að vinna að fyrir tilstilli Dóru Einarsdóttur.

21. febrúar 1991 Fimmtudagskvöld og Bubbi mættur til tónleikahalds á Tveir vinir og annar í fríi.

Mars 1991 Hélt Bubbi til tónleikahalds í Skandinavíu. í viðtali við DV kom fram að Bubbi myndi heimsækja Danmörk, Noreg, Svíþjóð og Finnland auk þess sem hann myndi mæta á tónlistarhátíð í Þärnu í Eistlandi þar sem hann lék 30. mars 1991. Þessi mynd er frá tónleikum Bubba í Danmörku (mynd: Björn E. Hafberg)

18. apríl 1991 Fimmtudagskvöld og Bubbi mættur til tónleikahalds á Tveir vinir og annar í fríi.

25. apríl 1991 Tónleikar með Bubba á skemmtistaðnum Ströndinni á Akranesi.

1. maí 1991 Alþjóðlegur baráttudagur launafólks og Bubbi mætti með nokkur lög í farteskinu á Lækjartorgi þar sem hátíðarhöldin fram að venju.

3. maí 1991 var Bubbi einn þeirra listamanna sem kom fram á stuðningstónleikunum Sól úr sorta, sem var hluti alheimsátaks til styrktar stríðshráðum.

12. maí 1991 birti Morgunblaðið fregn um að þrátt fyrir yfirlýsingar Bubba um að senda ekki frá sér hljóðversplötu á árinu sé hann nú kominn í hljóðver ásamt Rúnari Júlíusssyni og þeir félagar séu að vinna saman að nýrri plötu.

14. júní 1991 GCD komið fram í fyrsta sinn opinberlega á tónleikum á veitingastaðnum Lídó við Lækjargötu. En nýjir eigiendur höfðu nýtekið við staðnum og sögðu breyttar áherslur yrðu. Ætlunin væri að hafa þar mikla lífandi rokktonlist. Myndin er tekin af þeim félagangangum á staðnum skömmu fyrir fyrstu tónleikana (mynd: mbl/Sverrir).

16. júní 1991 Risarokk - hátíð í Hafnarfirði Meðal sveita eru erlendu hljómsveitirnar Poison, Slaughter, Quireboys og Bulletboys. Þarna voru líka mættir Eiríkur Hauksson sem kom frá Noregi með sveit sína Artch. Íslenska aðaltromp tónleikana var hljómsveitin GCD með þá Bubba og Rúnar Júlíusson í broddi fylkingar. Á svæðið mættu líka fréttamenn og tókulið frá MTV sjónvarpsstöðinni í Ameríku. Þessir tónleikar voru ein stærsta rokkhátíð sem haldin hafði verið hér á landi.

17 júní 1991 Útgáfudagur plötunnar GCD með þeim Bubba & Rúnari Titill plötunnar varð nafn sveitarinnar sem varð til við gerð hennar. en hana skipuðu auk Bubba og Rúnars þeir Beggi, bróðir Bubba sem lék á gítar og Gulli Briem á trommur. Óhætt er að fullyrða að sveitin sem og þessi plata voru "hit" sumarsins 1991.

21. júní 1991 Bubbi og Rúnar með útgáfutónleika á þaki veitingastaðsins Berlín í Austurstræti. Tónleikarnir á þakinu voru myndaðir og síðan notauð myndskleið við gerð tónlistarmyndbands við eitt laga plötunnar.

4. júlí 1991 Efnt var til minningartónleika um tónlistarmanninn Karl J. Sighvatsson í Þjóðleikhúsinu. Fjöldi sveita og einstaklinga komu fram þar á meðal hljómsveitin G.C.D. sem flutti lög af nýtti plötu sinni. Þessir minningartónleikar voru hljóðritaðir og komu á plötuna Minningartónleikar um Karl J. Sighvatsson.

10. ágúst 1991 Árlegir tónleikar Fellaskóla - Rykkrokk '91 fóru fram og þar voru mættar sveitir eins og Synir Rasputíns, Tolstoj, Rotþró, Sororicide, Bootlegs, Ham, Bless Vinir Dóra, Gildran og GCD með Rúnar og Bubba í forustu. Reyndar var Bubbi þar að

syngja á þriðju tónleikunum þennan dag og átti eftir að skreppa með sveitinni upp á Akranes síðar um kvöldið þar sem þeir voru tónleika.

6. og 7. september 1991 G.C.D. koma fram á tónleikum í Laugardalshöll ásamt rokksveitinni Skid Row.

1. nóvember 1991 G.C.D. efna til lokatónleika á Hótel Borg. Sveitin sem aldrei ætlaði að verða til hafði verið ein heitasta ballsveit sumarsins. Nú var komið að leiðarlokum. Bubbi ætlaði að snúa sér aftur að sólóferlinum, sem hann hafði þó aldrei sagt skilið við. Júlíusson ætlaði að sinna fyrirtæki sínu Geimsteinn og hinir piltarnir áttu ekki við nein vandamál að stríða hvað vinnu snerti. Þess sögulegu tónleikar voru í beinni útsendingu á Rás 2.

nóvemberbyrjun 1991 efndi útgáfufyrirtækið Steinar til kynningar á þeim plötum sem væntanlegar væru á markað hjá fyrirtækinu. Við það tækifæri var Bubba afhent plátínuplötu fyrir sölu á GCD plötu þeirra Bubba og Rúnars. Á meðfylgjandi mynd sem BS tók Bubba taka við gripnum úr hendi Jónatans Garðarsonar útgáfustjóra

6. nóvember 1991 kom út tónleikaplatan *Ég er*. Þessi plata innihélt hluta tónleika Bubba sem fram höfðu farið á veitingastaðnum Púlsinn árinu áður.

11. nóvember 1991 Bubbi kemur fram í Borgarleikhúsinu á tónleikum ásamt þeim Bjartmari Guðlaugssyni, Herði Torfa og Megasi. Yfirskrift þessa tónleika var: *Hafið, fjöllin og hugarfarið eða tónlist gegn tómlæti*. En tilgangur tónleikarna var að vekja athyngisvernd og þeirri mengun sem herstöðvar valda.

24. nóvember 1991 Efnt var til minningartónleika um Guðmund Ingólfsson Djassgeggjara og píanósnilling. En Guðmundur hafði spilað með Bubba öðru hvor gegnum tíðna. Fjölmargir listamenn og vinir Guðmundar mættu og vottuðu honum virðingu sína á þessum tónleikum. Meðal þeirra var Bubbi sem mætti með nýtt lag sem hann hafði samið deginum áður og var óður hans til Guðmundar átt við lagið *Þínir löngu grönnu fingur*.

30. nóvember 1991 Rabbi trommari, sem hóf feril sinn með vestfirsku sveitinni *Ýr* efndi til útgáfutónleika í Perlunni þar sem afhent var gullplata fyrir 5000 seld eintök plötunnar *Andartak*. En platan var gefin út til styrktar rannsóknum á MND sjúkdómnum. Bubbi var einn þeirra sem ljáði Rabba rödd sína á plötunni og mætti hann í perluna með gítarinn og tók tvö lög eftir hafa fengið afhenta gullplötu.

6. desember 1991 var dagskrá í Hlégarði þar var á ferð Sagnanökkvinn sem var hópur listamanna undir stjórn Tolla. meðal þeirra sem voru um borð í nökkvnum hans var Bubbi bróðir sem kom fram einn með gítarinn.

desember 1991 Óskar Guðnason sendi frá sér kassettuna Gamall draumur. Bubbi syngur þar titillagið. Þessi hugljúfa ballaða kom síðar út á safnplötunni Aldrei ég gleymi sem út kom í maí 1992. Þá var hún líka gefin út á ensku í flutningi Rutar Reginalds.

13. desember 1991 efndi Bubbi til útgáfutónleikar að tilefni útkomu plötunnar Ég er. Tónleikarnir fóru fram fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu. Honum til aðstoðar var ný sveit manna (þó gömul) og kallaði sig RASK en það Un hún hafði starfað í breyttri með Bubba við ger plötunnar Ég er. (mynd: Björg Sveinsdóttir)

18. desember 1991 voru auglýstir tónleikar Bubba á Tveim vinum og annar í fríi. Í þar kemur fram að með Bubba sé ný svið Hljómsveitin RASK en hana skipuðu Pálmi Gunnarson bassi, Reynir Jónasson á nikku, Gunnlaugur Briem á slagverk og loks Tryggvi Hübner á gítar.

23. desember 1991 Árlegir Þorláksmessutónleikar Bubba.